

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akraness, nr. 267 11. júní 1975, sbr. reglugerð nr. 196 5. maí 1977.

1. gr.

Á eftir 10. gr. komi ný grein, sem verður 11. gr., svohljóðandi:

Af ferjuskipum greiðast hafnargjöld þannig:

1. Lestargjald verði reiknað eins og af strandferðaskipum, þó ekki oftast en einu sinni á dag.
2. Bryggjugjald greiðist samkvæmt gildandi gjaldskrá.
3. Vörugjald verði ekki reiknað af bílum eða vörum, sem þeir flytja.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 333 21. sept. 1977, um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akraness.

Samgönguráðuneytið, 26. október 1977.

Haldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Búlandshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hundradshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra eins og hann er talinn af hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	1,5%
Tvíbýlishús og raðhús	1,0%
Fjölbýlishús	0,5%
Verslunar- og skrifstofuhúsnaði	1,5%
Iðnaðar-, vörugeymslu- og annað atvinnuhúsnaði	0,5%
Opinberar byggingar	1,5%
Bílskúrar	1,5%
Önnur hús	0,5%